

Nefndarálit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur, Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneyti og Harald Örn Ólafsson og Hrein Hrafnkelsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögnum er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005 frá 29. apríl 2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE.

Tilskipun 2004/39/EB er rammatilskipun sem tekur á helstu grunnþáttum verðbréfamarkaða, hún miðar m.a. að því að styrkja innri markaði ESB á sviði fjárfestingarþjónustu og kveður á um meginreglur um starfsemi fjármálafyrirtækja sem stunda verðbréfavíðskipti, sem og um skipulega verðbréfamarkaði. Tilskipunin nemur úr gildi og kemur í stað tilskipunar ráðsins 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 28. nóv. 2006.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Össur Skarphéðinsson.

Jón Kristjánsson.

Drífa Hjartardóttir.

Jón Gunnarsson.